

Mosinn/Hraunsel



Efnisyfirlit

Inngangur og markmið	2
Opnunartímar	2
Innra starf	2
Starfsmenn	3
Samstarf	4
Aðsóknartölur	4
Aðstaða	5
Samantekt-framtíðarsýn	5

Inngangur og markmið

Tómstundamiðstöðin Hraunvallaskóla rekur tvær starfseiningar, frístundaheimilið Hraunsel og félagsmiðstöðina Mosann. Hraunsel er fyrir börn í 1.-4. bekk skólans og félagsmiðstöðin er fyrir börn í 5.-10. bekk.

Hraunsel er staðsett á tveimur stöðum, á kennslusvæði 2. bekkjar á 2. hæð í C-álmu skólans og í Glæsivöllum, húsinu sem stendur við skólann.

Mosinn hefur aðsetur í matsal skólans og á skrifstofu verkefnastjóra.

Verkefnastjóri er Sara Pálmadóttir og aðstoðarverkefnastjóri er Davíð Jónsson. Sara heldur utanum Hraunsel en Davíð er meira í Mosanum.

Markmið Mosans eru fyrst og fremst reynir að gefa öllum nemendum í unglingadeild Hraunvallaskóla tækifæri til að stunda skapandi og þroskandi félagsstarf með því að halda úti fjölbreyttri dagskrá sem höfðar til sem flestra. Starfsmenn ýta undir að nemendur sýni frumkvæði og hvetja þá til að taka ábyrgð og sína sjálfstæði í vinnubrögðum undir merkjum unglingalýðræðis. Þá er leitast við að ná til þeirra unglinga sem ekki stunda heilbriggt tómstundarstarf eða teljast til áhættuhóps.

Hraunsel býður uppá fjölbreytt tómstundastarf fyrir nemendur í 1. - 4. bekk Hraunvallaskóla eftir að daglegum skólatíma lýkur. Foreldrar skrá börn sín eftir þörfum hvers og eins. Í Hraunseli kynnast börnin hinum ýmsu tómstundum. Leitast er við að hafa starfið sem fjölbreyttast svo að allir finni eitthvað við sitt hæfi m.a. með útiveru, fjölbreyttum leikföngum, spilum, föndurefni og kubbum.

Opnunartímar

Hraunsel:

Mánudagur 13 -17
Þriðjudagur 13 -17
Miðvikudagur 13 -17
Fimmtudagur 13 -17
Föstudagur 13 -17

Mosinn:

Mánudagur 17 - 22 (Miðdeild)
Þriðjudagur 17 - 19 (Starfsmannafundur)
Miðvikudagur 17 - 22 (Hópastarf)
Föstudagur 19 - 22

Hraunsel er opið lengur á skertum dögum og skipulagsdögum. Þá daga þurfa foreldrar að senda skráningu til þess að hægt sé að skipuleggja starfið í samræmi við fjölda barna, sem yfirleitt eru mun færri en á venjulegum dögum.

Í apríl gerðum við tilraun og færðum mánudagsopnunina yfir á þriðjudaga, en aðsóknin breyttist ekki eins og við höfðum vonast eftir, svo við færðum opnunina yfir á mánudaga aftur.

Innra starf

Dagurinn í Hraunseli byrjar á því að starfsfólk 1. bekkjar sækir krakkana upp í bekk og fer með þau út í Hraunsel. Þar velja krakkarnir sér stöð til að leika í. Í 2.-4. bekk koma krakkar sjálfir í Hraunsel og þau velja sér stöð. Dagskráin er eins alla daga, en mismunandi valstöðvar eru á hverjum degi, t.d. dúkkó, litir, perlur, legó, leskrókur o.fl. Einnig förum við á bókasafnið og í íþróttahúsið einu sinni í viku.

Dagskráin lýtur þannig út:

13:10-14:15 Valstöðvar

14:15-14:45 Síðdegishressing

14:45-15:15 Útivera

15:15-16:00 Valstöðvar

16:00-17:00 Skilavakt – rólegar stöðvar

Einnig höfum við nokkrum sinnum haft bíó í fyrirlestrarsalnum á föstudögum. Við höfum þurft að grípa til þess ráðs að sameina alla krakkana í matsalnum eða í fyrirlestrarsalnum ef mikið hefur vantað af starfsfólki eða ef veðrið hefur verið það slæmt að við höfum ekki treyst krökkunum til að fara yfir í hús.

Dagskráin í Mosanum var mjög fjölbreytt í vetur, m.a. voru opin hús, Minute-to-win-it, samlokukeppni, skyrglíma, böll og fleira skemmtilegt. Fjölbreytt starf laðar að sér fjölbreyttan hóp unglinga en það er alltaf sami kjarninn sem mætir og svo bætast við unglingar sem mæta á einstaka viðburði. Hefð er fyrir hinum ýmsu viðburðum, s.s. böllum á vegum nemendafélagsins, árshátíð og viðburðir á vegum ÍTH eða Samfés sem eru alltaf vel sóttir.

Hópastarfið er einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi okkar og höfum við verið með fjóra hópa í gagni í vetur. Unnið er með litla hópa í einu og hafa verið 5-6 krakkar í hverjum hópi. Þessir hópar eru valdir í samstarfi við námsráðgjafa skólans. Gaman er að segja frá því að tveir starfsmenn okkar tóku þátt í námsbraut ÍTH um hópastarf í vetur og vonandi kemur það til með að skila sér í enn bættara hópastarfi á komandi árum.

Miðeildarstarfið hefur verið vel sótt í vetur og dagskráin var mjög svipuð og í unglिंगadeild.

Tækjakostur Mosans mætti vera betri, en við eigum tvö borðtennisborð og billiardborð en svo í vetur keyptum við Play Station3 tölvu og einn leik með sem hefur mikið verið notaður. En hins vegar þyrftum við að laga aðstöðuna í Mosaherberginu og fá betri húsgöng, þar sem mjög hrörlegt ástand er orðið þar á sófum og fleiru.

Starfsmenn

Sara Pálmadóttir, verkefnastjóri, 100%.

Davíð Jónsson, aðst. verkefnastjóri 100%.

Hraunsel:

Alexander Freyr Sindrason, stuðningsfulltrúi – 50%.

Andri Gíslason, stuðningsfulltrúi – 38%.

Dorota Kjeltyka, leiðbeinandi – 38%.

Einar Már Sigurðsson, leiðbeinandi – 30%.

Guðrún Ósk Ámundadóttir, leiðbeinandi – 50%.

Gunnar Páll Pálsson, leiðbeinandi – 50%.

Inga Sif Sigfúsdóttir, leiðbeinandi – 50%.

Joanna Agne. Lubelska, leiðbeinandi – 38%.

Jóhannes Hjaltested, leiðbeinandi – 8%.

Linda Björk Ragnarsdóttir, leiðbeinandi – 38%.

Marcela Lysá, leiðbeinandi – 38%.

Rashmi Tamang, leiðbeinandi – 50%.

Sigrún Óskarsdóttir, leiðbeinandi – 46,5%.

Tinnar Sigurðardóttir, leiðbeinandi – 44%.

Vignir Daníel Lúðvíksson, leiðbeinandi – 35%.

Viktoría Kolfinna Karlsdóttir, stuðningsfulltrúi – 38%.

Einnig störfuðu í vetur:

Andri Feyrsson, stuðningsfulltrúi – 49%.

Aníta Jónsdóttir, leiðbeinandi – 50%.

Anna Lovísa Þorlákssdóttir, leiðbeinandi – 50%.

Birgir Örn Pálmason, leiðbeinandi – 50%

Guðmundur Sævarsson, stuðningsfulltrúi – 49%.
 Haukur Ólafsson, stuðningsfulltrúi – 50%.
 Hildur Guðný Káradóttir, stuðningsfulltrúi – 50%.
 Marteinn Kristjánsson, leiðbeinandi – 50%.
 Róbert Örn Óskarsson, stuðningsfulltrúi – 50%.
 Þorsteinn Óskarsson, leiðbeinandi – 50%.
 Raúl Sáenz, stuðningsfulltrúi – 50%.

Mosinn:

Bjarki Jónsson – 41%.
 Anna Lovísa Þorlákadóttir – 33%.
 Ríkhartur Karlsson – 26%.
 Auður Halldórsdóttir – 25%

Einnig starfaði Viktoría Hrund Kjartansdóttir í 25% stöðu í vetur en hún hætti og Auður kom í staðin.

Starfsmannafundir voru haldnir í Mosanum annan hvern þriðjudag í vetur.

Samstarf

Samstarfið við starfsfólk Hraunvallaskóla hefur verið mjög gott í vetur. Við erum dugleg að miðla upplýsingum og deila starfsfólki á milli staðanna t.d. á skipulags- og skertum dögum.

Hraunsel hefur líka verið í samstarfi við Haukana frá því í febrúar. Þá byrjuðum við á tilraunaverkefni sem var þannig að starfsmaður Hraunsels labbaði með krakka á æfingar sem voru mánudaga til fimmtudaga. Krakkarnir í 1. og 2. bekk æfa saman í flokki og hafa Haukarnir boðið uppá handbolta-, fótbolta-, körfubolta- og fjölgreinaæfingar. Handbolta- og körfuboltaæfingarnar hafa verið í Hraunvallaskóla en fótbolta- og fjölgreinaæfingarnar hafa verið á Ásvöllum. Mikil ánægja hefur verið með þetta samstarf meðal foreldra en þátttakan mætti vera betri, en vonandi verður þetta meira notað næsta vetur.

Aðsóknartölur

Hraunsel:

	Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.
Ágúst	125	121	125	120	123
September	123	119	122	114	108
Október	118	111	119	107	113
Nóvember	117	98	118	94	103
Desember	113	108	116	105	105
Janúar	111	110	111	105	105
Febrúar	127 börn alls – ekki til tölur				
Mars	100	98	98	95	94
Apríl	114 börn alls – ekki til tölur				
Maí	98	96	98	94	89
Júní	92	90	90	91	81

Mosinn:

	Unglingadeild	Miðdeild	Hópastarf
--	---------------	----------	-----------

September	342	183	47
Október	401	185	40
Nóvember	404	155	33
Desember	250	99	30
Janúar	255	181	
Febrúar	386	128	32
Mars	334	109	30
Apríl	166	112	28
Maí	139	36*	16

* 7. bekkjarball var í þessum mánuði og þar var fjöldinn 247 krakkar

Aðstaða

Hraunsel

Það er reyndar ekki komið á hreint hvar við verðum staðsett með Hraunselið næsta vetur, en það kemur í ljós á næstu dögum. Það er verið að skoða að láta okkur hafa Keili eftir hádegi næsta vetur og jafnvel að ég færi skrifstofuna þangað inn líka, en það er ekkert komið á hreint ennþá.

Mosinn

Aðstaða Mosans hefur ekki verið nægilega góð undanfarin ár þar sem stór matsalur er okkar aðalrými. Þetta er kuldalegt og hrátt, ekkert aðlaðandi sem dregur krakkan inn. Það vantar stað þar sem þau geta hangið á í eyðum og fríminútum.

Samantekt-framtíðarsýn

Þegar við horfum yfir veturinn þá hefur hann gengið mjög vel og við stefnum glöð út í sumarið og inn í næsta vetur.

Næsta vetur í Hraunseli þarf að skoða það að hafa lengri undirbúningstíma af því tíminn frá 13:00-13:10 er of stuttur til þess að koma öllum þeim skilaboðum sem starfsmenn þurfa að vita áður en starfið hefst.

Mikill áhugi er frá krökkunum hér að lengja félagsmiðstöðvaropnunina út maí.

Hafnarfirði 31.05.13

Sara Pálmadóttir
Davíð Jónsson